

SLYSABÆTUR

FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER 2012

Kynningarblað um þjónustu lögfræðinga í slysa- og skaðabótamálum.






Slysavarnir á heimilinu

Flest slys verða inni á heimilunum. Reglulega ætti því að fara yfir hvert herbergi í húsinu og ganga úr skugga um að allt sé í lagi. Á www.lydheilsustod.is er að finna leiðbeiningar um það hvernig má efla slysavarnir á heimilinu.

- Gangið frá rafmagnssnúrum svo hvorki hangi né liggi lausar um gólf.
- Innstungur þurfa að vera heilar og vel festar í vegg.
- Öryggislæsing þarf að vera á gluggum svo þeir opnast ekki meira en 10 sentimetra.
- Gangið frá snúrum í gardínum svo enginn flæki sig í þeim.
- Setjið klemmuvarnir á hurðir svo þær skellist ekki í gegnumtrekk.
- Hálkunet þarf að vera undir gólfmottum.
- Gólfmottur mega ekki beyglast á gólfinu eða horn brettast upp.
- Þar sem börn eru þarf að loka stigum með öryggishliði.
- Hafid öryggislæsinguna á svaladyrum svo hurðin opnast ekki meira en 10 sentimetra.
- Svalahandrið ætti að vera með lóðréttum rimlum með 10 sentimetra millibili.
- Æskilegt er að hlíf sé yfir eldri miðstöðvarofnum.
- Ekki skal staðsetja húsgögn of nærri rafmagnsofnum þar sem kviknað getur í.
- Athugið að margar pottaplöntur eru eittraðar.
- Reykskynjari, slökkvitæki og eldvarnarteppi ætti að vera til á heimilinu.



Ein af grunnstoðum heilbrigðiskerfisins

Sjúkratryggingar Íslands starfa samkvæmt lögum frá Alþingi. Þar eru allflestir landsmenn tryggðir gagnvart slysum á hinum ýmsu stöðum.

Allir sem skráðir hafa verið með lögheimili á Íslandi síðustu sex mánuði eru tryggðir. Tryggingaréttindi fólks flytjast svo með einstaklingum búsettum í EES-landi. Þeir sem flytjast hingað utan EES-landa öðlast sömu réttindi eftir sex mánaða búsetu hér á landi.

Slysabætur og tilkynning slyss

Sjúkratryggingar Íslands greiða bætur vegna slysa og eru því mikilvægur hluti af íslenska heilbrigðiskerfinu. Lendi einstaklingur í slysi er fyrsta skrefið að fylla út eyðublað og skila því til Sjúkratrygginga Íslands. Þar er umsóknin yfirfarin og afstaða tekin til bótaskyldu sem falist getur í greiðslu slysatrygginga, dagpeninga, örorkubóta, dánarbóta og greiðslu vegna sjúkráhljálpar.

Slys við heimilisstörf

Á skattframtali er hægt að haka við reit sem býður fólki að slysatryggja sig við heimilisstörf. Slík trygging nær til heimilisstarfa sem innt eru af hendi hér á landi. Tryggingarnar gilda fyrir slys sem henda á heimili, í sumarbústað, í garði eða bílskúr.

Undanskilin slysatryggingu við heimilisstörf eru meðal annars slys sem einstaklingar verða fyrir við ýmsar daglegar athafnir sem ekki teljast til hefðbundinna heimilisstarfa, svo sem að klæða sig, baða og borða, eða á ferðalögum.

Vinnuslys

Atvinnurekandi skal senda inn tilkynningu þegar um vinnuslys er að ræða. Skilyrði er að viðkomandi hafi



Sjúkratryggingar Íslands greiða bætur vegna slysa og eru því mikilvægur hluti af íslenska heilbrigðiskerfinu.

fengið greidd laun vegna vinnunnar eða ef um sjálfstæðan atvinnurekanda er að ræða þá reiknað endurgjald. Einstaklingur telst vera við vinnu þegar hann er á vinnustað á þeim tíma sem honum er ætlað að vera að störfum, einnig í matar- og kaffitímum. Maður sem er á leið til vinnu en fer í banka á leiðinni, og verður fyrir tjóni, er ekki tryggður samkvæmt almannatryggingalögum.

Öll slys ber að tilkynna innan eins árs. Mikilvægt er að tilkynningar séu rétt útfylltar og í frumriti. Ýtarlegar upplýsingar er að finna um starfsemi Sjúkratrygginga Íslands á heimasíðunni www.sjukra.is.

Persónuleg þjónusta er lykillinn að hámarksárangri

Miklu máli skiptir að bregðast skjótt við þegar lent er í slysi. **Lagarök** leggur áherslu á sérfræðipækkingu, persónulega þjónustu og heildstæða lausn í innheimtu og uppgjöri slysabóta fyrir einstaklinga.

Lagarök lögmannsstofa sér um innheimtu á slysa- og skaðabótum. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á persónulega þjónustu á meðan á rekstri máls stendur og tekur alla jafnan enga þóknun nema við uppgjör bóta. Héraðsdómslögmenntir Ágúst Ólafsson og Ingólfur Magnússon starfa báðir hjá Lagarökum og hafa sótt sér mikla sérfræðipækkingu á sviði skaðabótaréttar.

„Við leggjum áherslu á sérfræðipækkingu og alhliða þjónustu í afgreiðslu slysa- og skaðabótamála óháð því hvort um er að ræða umferðarslys, vinnuslys, frítímaslys, réttargæslu fyrir þolendur afbrota og svo mætti lengi telja,“ segir Ágúst. Lagarök býður upp á heildstæða lausn í bæði innheimtu og uppgjöri á slysabótum fyrir einstaklinga með hámarksárangur að leiðarljósi. Ingólfur hefur unnið að viðamikilli rannsókn á bótarétti sem styrkt var af Rannís og hefur starfað hjá váttryggingafélagi, ríki og sveitarfélagi við afgreiðslu slysabóta. Við meistaranám sitt í laga-deild sótti Ágúst sérhæft námskeið í bótarétti auk þess sem hann hefur jafnframt mikla reynslu á sviði innheimtumála en hann hefur rekið innheimtufyrirtæki til fjölda ára. Ágúst veitti um árabíl ráðgjöf um val á tryggingum, bæði til einstaklinga og fyrirtækja.



„Við teljum persónulega þjónustu vera lykilinn að hámarksárangri í þessum málaflokki,“ segja Ingólfur Kristinn Magnússon hdl. og Ágúst Ólafsson hdl. hjá Lagarökum.

Persónuleg þjónusta

Ingólfur segir Lagarök leggja ríka áherslu á persónulega þjónustu á meðan rekstur máls stendur yfir. „Viðskiptavinir okkar eru alltaf í beinu og persónulegu sambandi við lögmann sinn sem sér um mál hans. Þannig þarf viðskiptavinurinn ekki að hafa samband

við marga mismunandi aðila út af máli sínu allt eftir því á hvaða stigi það er. Við tökum vel á móti fólki og gætum að því að halda reglulegu sambandi undir rekstri málsins til þess að viðskiptavinurinn sé meðvitaður um framvindu málsins. Við sjáum alfarið um alla gagnaöflun á meðan viðskiptavinurinn einbeittir

sér að því að ná sem bestum bata án þess að hafa áhyggjur af gangi málsins.“

LAGARÖK

Að sögn þeirra leggja Lagarök fyrst og fremst áherslu á persónu-

lega þjónustu. Engin tvö mál eru eins að þeirra sögn og engir tveir viðskiptavinir eru eins. „Við teljum persónulega þjónustu vera lykilinn að hámarksárangri í þessum málaflokki.“

Skjót viðbrögð skipta máli

Ágúst og Ingólfur benda á að sérreglum í íslenski löggröf á sviði skaðabótaréttar fjölgi ár frá ári. Því er oft erfitt fyrir þann sem lendir í tjóni að átta sig á því hver réttur hans er. „Þegar bótaréttur til dæmis þess sem hefur orðið fyrir vinnuslysi er ræddur þarf að líta á bótarétt viðkomandi í heild. Því þarf að kanna hugsanlegan rétt tjónþola til slysauna og til bóta frá almannatryggingum, lífeyrissjóði, sjúkrasjóði verkalýðsfélags, frjálsri slysatryggingu eða rétti viðkomandi til annarra félagslegra greiðslna.“

Hver raunverulegur bótaréttur hins slasaða er verður fyrst ljós að lokinni slíkri skoðun.“

Þeir leggja ríka áherslu á að viðskiptavinir bregðist skjótt við eftir að slys eigi sér stað því staðan verður erfiðari ef liðið er eitt eða fleiri ár frá slysi. Ágúst Ólafsson hdl. og Ingólfur Magnússon hdl. svara fúslega öllum spurningum sem leitað er svara við. Hægt er að panta viðtalstíma hjá þeim í síma 588-1177.



Átt þú rétt á bótum?

Slysa- og skaðabætur

Flestir eru vel tryggðir en þekkja ekki rétt sinn. Ef þú hefur orðið fyrir skaða í slysi eða af öðrum völdum þá áttu í flestum tilfellum rétt á bótum. Fyrsta viðtal við lögmann þar sem lagt er mat á réttarstöðu þína er þér alltaf að kostnaðarlausu.

Í rúm 20 ár hafa Lögmenn Suðurlandi annast slysa- og skaðabótamál. Reynsla okkar skilar sér í skjótri þjónustu sem sparar þér bæði tíma og peninga.

- Umferðarslys
- Vinnuslys
- Slys í frítíma
- Íþróttaslys
- Annar skaði, s.s. vegna líkamsárásar

Við erum umboðsmenn þínir.

Sendu okkur tölvupóst á netfangið selfoss@log.is, hringdu í síma 480 2900 eða komdu við á skrifstofu okkar milli kl. 9:00–17:00.



Slysabætur.is – „Mikilvægt að leita strax aðstoðar“

Slysabætur.is er einn öflugasti upplýsingavefur landsins á sínu sviði og fær hundruð heimsóknna í hverjum mánuði. Vefurinn er rekinn af JP lögmönnum sem búa yfir langri og mikilli reynslu af innheimtu slysabóta. Guðjón Ólafur Jónsson hæstaréttarlögmaður og Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður eru meðal þeirra lögmanna stofunnar sem mest hafa aðstoðað fólk við innheimtu slysabóta. Að þeirra sögn er mikilvægt að fólki leiti strax til lögmanna hafi það orðið fyrir slysi.

Pað er mjög mikilvægt að leita strax aðstoðar lögmanna og fá úr því skorið sem fyrst hvort maður kunni að eiga rétt á bótum. Þetta á við hvort sem fólk hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi, frítímaslysum eða öðrum hremmingum“, segir Guðjón Ólafur Jónsson, hæstaréttarlögmaður hjá JP Lögmönnum.

„Ferill skaðabótamála getur tekið mjög langan tíma og þess vegna er mikilvægt að setja sig í samband við lögmann sem fyrst. Hann getur þá farið í að afla nauðsynlegra gagna, svo sem læknisvottorða, og hefja samskipti við viðkomandi tryggingafélag. Það skiptir miklu máli að gera þessa hluti í tíma svo að ekki verði hætt á að málin farnist. Stundum kemur fólk hreinlega of seint svo málin eru fyrnd. Við leggjum líka áherslu á að fólk leiti til læknis strax eftir slys þannig að allar upplýsingar um áverka liggja þá þegar fyrir. Það hjálpar ótrúlega mikið til við framhaldið“ segir Guðjón Ólafur.

Að sögn Halldóru Þorsteinsdóttur héraðsdómslögmanns hjá slysabætur.is, leggja lögmennirnir áherslu á persónulega þjónustu og regluleg samskipti við skiptavinina sína. „Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu og greiðan aðgang að lögmönnum stofunnar. Eins verður að hafa í huga að þessi mál geta verið viðkvæm og því er mikilvægt að fólk upplifi að lögmaðurinn sé mannlegur og tilbúinn að ræða hlutina á persónulegum nótum. Þetta er stundum eins og nokkurs konar sálægsla“, segir Halldóra. Aðspurð um feril skaðabótamála segir hún að það geti verið misjafnt eftir málum en mörg þeirra séu fremur einföld í sniðum.

„Þetta fer yfirleitt þannig fram að við hittum þann sem hefur orðið fyrir slysi og fáum hjá honum umboð til þess að afla gagna, semja um bætur og þess háttar. Við óskum síðan eftir gögnum frá viðkomandi tryggingafélagi, lögreglu-



Guðjón Ólafur Jónsson hæstaréttarlögmaður og Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður hvetja fólk til að leita til lögmanna sem fyrst eftir slysi.

Slysabætur.is – upplýsingar á mannamáli!

Á slysabætur.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar tegundir slysamála, feril þeirra og kostnað, svo og svör við algengum spurningum tjónþola, auk góðra ráða þeim til handa. Bæði segja þau Guðjón Ólafur og Halldóra að slysabætur.is hafi hjálpað fjölmörgum. Þar sé að finna svör við ýmsum spurningum þeirra sem orðið hafa fyrir slysum um rétt þeirra til bóta og hvað þurfi að gera til að af greiðslu þeirra geti orðið. „Þarna er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar

á mannamáli“ segir Halldóra. „Við pössuðum okkur á að hafa textann vel skiljanlegan almenníngi en ekki bara samansafn lögfræðifrasa. Við svörum síðan frekari fyrirspurnum, hittum viðkomandi og fylgjum honum sjálf í gegnum ferlið allt þar til við erum búin af fá bæturnar greiddar og skila þeim af okkur.“ bætir Guðjón Ólafur við. Hægt er að ná á Guðjóni Ólafi og Halldóru í s. 588-5200 eða senda fyrirspurn á slysabætur@slysabætur.is.

“Eins verður að hafa í huga að þessi mál geta verið viðkvæm og því er mikilvægt að fólk upplifi að lögmaðurinn sé mannlegur og tilbúinn að ræða hlutina á persónulegum nótum.

skýrslum, vottorðum lækna og öðru sem kann að hafa þýðingu fyrir mál viðkomandi. Jafnframt sendum við umbjóðendur okkar til frekari rannsókna hjá læknum eða öðrum sérfræðingum eftir því sem nauðsyn krefur. Við leggjum áherslu á að eins ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um tjón viðkomandi og hægt er. Þetta endar svo yfirleitt því lögmaðurinn og viðkomandi tryggingafélag biðja sameiginlega um mat á líkamstjóni umbjóðandans. Við förum með umbjóðandanum á matsfund og gerum síðan upp skaðabætur við tryggingafélagið þegar matið liggur fyrir“ segir Halldóra. Hún bætir þó við að í sumum tilvikum geti málin þó óneitanlega orðið töluvert flóknari en þetta.

Guðjón Ólafur bætir við að slysabætur.is aðstoði einnig einstaklinga sem orðið hafa fyrir líkamsárás eða kynferðisofbeldi. „Við sinnum réttargæslustörfum fyrir fórnarlömb kynferðisbrota og líkamsárása og gætum hagsmuna þeirra bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Við höfum mikla reynslu í þessum málum,“ segir Guðjón Ólafur og bætir við að fórnarlömb kynferðisbrota og alvarlegra líkamsárása eigi yfirleitt rétt á að fá tilnefndan réttargæslumann sér að kostnaðarlausu.

„Við svörum öllum fyrirspurnum sem berast til okkar og leggjum metnað okkar í að aðstoða alla þá sem við getum“ segir Guðjón Ólafur. „Það kostar ekkert að spyrja.“

Kannaðu málið – það kostar ekkert!

SLYSABÆTUR.is



UMFERÐARSLYS



VINNUSLYS



FRÍTÍMASLYS



LÍKAMSÁRÁS



KYNFERÐISBROT



LÆKNAMISTÖK